

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Bókaútgáfu Orators, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. júní 1988.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Bókaútgáfu Orators, samþykkt á stofnfundi útgáfunnar

23. júlí 1987.

1. gr.

Bókaútgáfa Orators er sjálfseignarstofnun, sett á fót að frumkvæði stjórnar Orators. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að gefa út fræði- og handbækur, einkum á sviði lögfræði.

3. gr.

Stofnfé stofnunarinnar er hagnaður Orators af bókinni „Saga Orators“ og frjáls framlög einstaklinga og félaga. Þar af eru kr. 250 000 bundið stofnfé.

4. gr.

Stjórn Bókaútgáfu Orators skipa sjö menn: þriggja manna útgáfuráð, formaður Orators og síðasti fyrirrennari hans á hverjum tíma, formenn Lögmannafélags og Dómarafélags Íslands.

Segi einhver stjórnarmanna af sér eða geti af öðrum ástæðum ekki gengt stjórnarstörfum, tekur varamaður hans sæti í stjórninni.

Stjórnin kýs sér formann til eins árs í senn.

Stjórn stofnunarinnar hefur æðsta vald í málefnum hennar.

5. gr.

Aðalfund stjórnar skal halda í marsmánuði ár hvert.

Á aðalfundi kýs stjórnin einn mann í útgáfuráð til þriggja ára og varamann hans.

6. gr.

Útgáfuráð annast daglegan rekstur stofnunarinnar.

Útgáfuráð gerir árlega áætlun um útgáfustarfsemi stofnunarinnar og leggur hana fyrir stjórn.

Útgáfuráð ritar sameignlega firma Bókaútgáfu Orators en skiptir með sér verkum að öðru leyti.

Útgáfuráð getur veitt prókúruumboð.

7. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

Reikninga stofnunarinnar skal endurskoða af löggiltum endurskoðanda og leggja þá fyrir aðalfund stjórnar til afgreiðslu.

Reikningarnir skulu birtast í Úlfhljóti, tímariti laganema.

8. gr.

Til að leggja stofnunina niður þarf samþykki minnst fimm stjórnarmanna á tveimur fundum stjórnar, sem haldnir skulu með minnst einnar viku millibili.

Verði stofnunin lögð niður, skal hrein eign hennar renna til Orators, félags laganema.

9. gr.

Samþykktum þessum verður aðeins breytt á reglulegum aðalfundi stofnunarinnar. Samþykki minnst fimm stjórnarmanna þarf til breytinga á samþykktum.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Stjórn Orators skipar þrjá menn til setu á fyrsta aðalfundi stofnunarinnar en aðrir taka sæti skv. ákvæðum 4. gr. skipulagsskrár þessarar.

II.

Við kjör í fyrsta útgáfuráð skal einn kjörinn til þriggja ára, einn til tveggja ára og einn til eins árs og varamenn þeirra til sama tíma.

REGLUGERÐ**um B-gatnagerðargjöld í Skeggjastaðahreppi.****Þátttaka lóðhafa í kostnaði við að gera gangstétt og bundið slitlag á götu.**

1. gr.

Sveitastjórn er heimilt að leggja á B-gatnagerðargjald á hús, nýbyggingar og stækkun eldri húsa sem standa á lóð sem skráð er við götu sem lögð hefur verið bundnu slitlagi.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundradshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu skv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús, með eða án tvíbýlisaðstöðu	2,0%
Raðhús og tvíbýlishús	1,4%
Fjölbýlishús	1,0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	2,0%
Opinberar byggingar	2,0%
Önnur hús og byggingar	1,0%
Lágmarksgjald af húseign skal miða við 200 rúmmetra þó hús sé minna.	

3. gr.

Gatnagerðargjöld skv. 2. gr. miðast við byggingarkostnað vísitöluhússins á þeim tíma, sem lokaframkvæmdir við lagningu bundins slitlags fara fram. Nú verður hús byggt við þegar fullgerða götu og skal þá miðað við byggingarkostnað, þegar teikning er samþykkt í byggingarnefnd.

Gatnagerðargjald skv. 2. gr. fellur í gjalddaga einum mánuði eftir að framkvæmdum við tiltekna götu eða götukafla, öðrum en lagningu gangstéttar, er lokið eða einum mánuði eftir samþykkt teikningar ef um hús við fullgerða götu er að ræða. Heimilt er gjaldanda að greiða 80% gjaldsins með skuldabréfi sem greiðist með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum, enda séu lánskjör skuldabréfsins hin sömu þ.e., vextir og verðtrygging, og eru á lánum Bygðasjóðs á hverjum tíma.

Heimilt er gjaldanda að halda eftir 10% gjaldsins uns gangstétt hefur verið lögð.